

**Nd.** **906. Frumvarp til laga** [126. mál]  
um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum,  
með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. apríl.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, tímabundið leyft slátrun í sláturhúsum sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til 1. júní 1990.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.